




REYKJANESBRAUT

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI REYKJANESBÆJAR 2020-2035

Skipulags- og matslýsing

September 2025

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Forsendur breytinga	1
2.1	Skipulagssvæðið	1
2.2	Áformuð breyting á aðalskipulagi	1
2.3	Framsetning aðalskipulagsbreytingar	2
3	Tengsl við aðrar áætlanir	3
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	3
3.2	Samgönguáætlun 2024-2038	3
3.3	Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024	3
3.4	Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035	3
3.5	Deiliskipulag	3
3.6	Þróunaráætlun Kadeco	3
4	Umhverfismat breytingar	4
4.1	Matsskylda	4
4.2	Nálgun og áherslur mat á áhrifum	4
4.3	Valkostir	4
4.4	Áhrifaþættir, umhverfisþættir og umhverfisviðmið	4
5	Skipulagsferli og kynningar	5
5.1	Samráð	5
5.2	Umsagnaraðilar	6
6	Skipulagsferlið	6

1 Inngangur

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar samþykkti þann 16. maí 2025 að hefja vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 vegna tvöföldunar á Reykjanesbraut, staðsetningu mislægra gatnamóta og þveranir fyrir stíga yfir eða undir stofn- og tengivegi. Útfærsla mannvirkjagerðar byggir á frumdrögum Vegagerðarinnar. Framkvæmdin er hluti af tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2024-2039.

Lýsing skipulagsverkefnisins er í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingunni er ætlað að upplýsa hagaðila og umsagnaraðila strax í byrjun um fyrirhugaða tillögugerð, viðfangsefni hennar og áherslur, ásamt umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfismatsskýrslu sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

2 Forsendur breytinga

2.1 Skipulagssvæðið

Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 var staðfest 25. janúar 2023. Fyrirhugaðar breytingar ná yfir u.þ.b. 3,9 km langan vegkafla Reykjanesbrautar. Landsvæðið er í eigu Ríkissjóðs Íslands og er hluti af svokölluðu C-svæði, sem er starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar (Kadeco). Skipulagssvæðið er innan þéttbýlis Reykjanesbæjar.


Skráðar fornleifar eru innan svæðisins, flestar herminjar. Engin önnur verndarsvæði eru innan skipulagssvæðisins.

2.2 Áformuð breyting á aðalskipulagi

Umferð um Reykjanesbraut hefur aukist á undanförum árum og umferðarspár gera ráð fyrir áframhaldandi aukningu á umferð. Nauðsynlegt er að mæta þessari þróun með því að auka umferðaröryggi á Reykjanesbraut, afkastagetu og greiðfærni hennar. Það verður gert m.a. með tvöföldun Reykjanesbrautar, þ.e.a.s. tvær akreinar í hvora átt, endurskoða tengingar við Reykjanesbraut í Reykjanesbæ og endurskoða legu reið- og göngustíga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar breytingar felur í sér eftirfarandi:

- 1) Ný mislæg gatnamót við Aðalgötu.
- 2) Sýna núverandi tengingu úr Hlíðahverfi (ÍB28) og Vþ2 inn á Reykjanesbraut.
- 3) Breyta legu Þjóðbrautar, tengivegur nr. 2, sem liggur frá Grænásvegi að Hlíðahverfi.
- 4) Endurskoða legu reið- og göngustíga sem þvera fyrirhugaðar tengibrautir austan Reykjanesbrautar.
- 5) Ný tenging að svokölluðu Demantssvæði, sem er innan skipulagssvæðis Keflavíkurflugvallar.
- 6) Breyta staðsetningu mislægra gatnamóta í aðalskipulagi og færa að vegamótum Reykjanesbrautar og Grænásvegar.
- 7) Ný göngubrú og stígar milli Vþ4 og Ásahverfis (ÍB10).
- 8) Fella út jarðgöng/stokk á Reykjanesbraut milli Grænáss og Fitja.



Mynd 1 Viðfangsefni fyrirhugaðrar breytingar

2.3 Framsetning aðalskipulagsbreytingar

Breyting er gerð á greinargerð og þéttbýlisupprætti aðalskipulags Reykjanesbæjar.

3 Tengsl við aðrar áætlanir

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Meðal markmiða og áherslna í landskipulagsstefnu sem verða til viðmiðunar eru:

B. Markmið um velsæld samfélags.

Áhersla B.4: Skipulag greiði fyrir skilvirkum samgöngum þar sem jafnvægi milli ólíkra ferðamáta verði haft að leiðarljósi.

C. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf.

Áhersla C.6: Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.

Áhersla C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.

3.2 Samgönguáætlun 2024-2038

Framtíðarsýn og markmið samgönguáætlunar er að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, sem mæti þörfum samfélagsins. Markmið samgangna að þær séu greiðar, öruggar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar. Samgönguáætlunin gerir ráð fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar milli Fitja og Rósaselstorgs.

3.3 Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024

Svæðisskipulag Suðurnesja var staðfest 18. febrúar 2013. Í því kemur fram að hagsmunir Suðurnesja felast í að viðhalda góðum samgöngum, bæði innan svæðisins og milli þess og höfuðborgarsvæðisins. Eitt af leiðarljósum svæðisskipulagsins er fjölbreytt og öflugt atvinnulíf fyrir blómlega byggð og aukin lífsgæði íbúa. Góðar samgöngur er ein af undirstöðum atvinnulífsins á Suðurnesjum. Leiðarljós samgangna eru að þær séu öruggar, greiðfærar og fjölbreyttar.

3.4 Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035

Reykjanesbær hefur haft það að stefnu í aðalskipulagi sínu að tvöfalda Reykjanesbraut frá 2003. Greiðfær og örugg Reykjanesbraut með mislægum gatnamótum þar sem við á er grundvöllur fyrir atvinnuuppbyggingu og tengingum milli hverfa sem eru beggja megin við hana. Nálægð við höfuðborgarsvæðið og góð tenging um Reykjanesbraut skapar tækifæri til að vaxa.

3.5 Deiliskipulag

Gera þarf breytingar á tveimur deiliskipulagsáætlunum áður en hægt er að gefa framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdunum. Það er deiliskipulag Grænás-Njarðvíkurfitjar, samþykkt 16. janúar 2001 m.s.br. og deiliskipulag Vestur-Fitja, samþykkt 6. maí 2008.

3.6 Þróunaráætlun Kadeco

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, leiðir samstarf íslenska ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesbæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu. Þróunaráætlunin er hugsuð sem rammi utan um efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg úrlausnarefni. Þróunaráætlunin tvinnar byggðaskipulagi saman við áætlun um vöruflutninga, orku, viðskipti og iðnað, þjónustu og samfélagslegsmótun.

4 Umhverfismat breytingar

4.1 Matsskylda

Breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og skipulagslög nr. 123/2010.

Umvhverfismat tillögu að breytingu aðalskipulagsins tekur mið af nákvæmni og efnistöfum aðalskipulags, deiliskipulags og stigskiptri áætlanagerð. Ítarleg umfjöllun um umhverfisáhrif eru í umhverfismatsskýrslu Vegagerðarinnar um tvöföldun Reykjanesbrautar, sem verður kynnt fljótlega í skipulagsgáttinni.

4.2 Nálgun og áherslur mat á áhrifum

Umvhverfismatsskýrsla verður hluti af greinargerð breytingar á aðalskipulagi. Við umhverfismatið er áhersla lögð á að meta áhrif breytingartillögu að því leyti sem hún vikir frá gildandi aðalskipulagsstefnu. Til hliðsjónar verður umhverfisskýrsla Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035, en umhverfismatið mun að stórum hluta byggja á umhverfismatsskýrslu Vegagerðarinnar.

4.3 Valkostir

Umfjöllun um valkosti snýr fyrst og fremst að þeim breytingum sem lagðar eru fram og hvaða áhrif þessar breytingar kunna að hafa á skilgreinda umhverfisþætti. Til samanburðar er gerð grein fyrir áhrifum af óbreyttri stefnu aðalskipulags varðand Reykjanesbraut.

4.4 Áhrifaþættir, umhverfisþættir og umhverfisviðmið

Helstu áhrifaþættir breytingartillögu á umhverfið felast í byggingu samgöngumannvirkja, þ.e. vegagerð, bygging gatnamóta og stígagerð. Jafnframt er mikilvægur áhrifaþáttur sú umferð sem nýtir samgöngumannvirkin.

Umvhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingar eru metin m.t.t. umhverfisþátta sem tilgreindir eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana 111/2021 og tilgreindir eru í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035.

Umvhverfisþættir til skoðunar eru:

- Náttúrufar
- Loftgæði
- Samfélag
- Auðlindir

Tafla 1. Viðmið sem höfð eru til hliðsjónar í umhverfismati.

Umvhverfisþáttur	Viðmið
N Á T T Ú R U F A R	
Jarðfræði og jarðmyndanir	• Umhverfis- og loftslagsstefna Reykjanesbæjar. • Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
Vatnafar	• Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. • Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. • Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. • Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011

Lífriki (gróður og dýr)	- Umhverfis og loftslagsstefna Reykjanesbæjar. - Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. - Ríósamningur um líffræðilegan fjölbreytileika
L O F T G Æ Ð I	
Loftgæði	- Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði fyrir Ísland. - Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.
Losun gróðurhúsalofttegunda	- Heimsmarkmið Sp, sbr. 13.1 um aðgerðir í loftslagsmálum. - Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. - Umhverfis- og loflagsstefna Reykjanesbæjar.
S A M F É L A G	
Samgöngur	- Heimsmarkmið Sp, sbr. 11.2. um samgöngur.
Heilsa	- Heimsmarkmið Sp, sbr. 11.6 og 11.7. - Umhverfis- og loftslagsstefna Reykjanesbæjar. - Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. - Reglugerð 724/2008 um hávaða. - Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða. - Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.
Menningarminjar	- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
Náttúruvæðing	- Hættumat Veðurstofu Íslands.
A U Ð L I N D I R	
Landrými / takmarkanir	- Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar.
Verndarsvæði og útivistarsvæði	- Heimsmarkmið Sp, sbr. 11.4, 11.7 og 15.
Landslag/ásýnd	- Heimsmarkmið Sp, sbr. 11.4. - Umhverfis- og loftslagsstefna Reykjanesbæjar.

Við mat á áhrifum aðalskipulagsbreytingar er stuðst við matsspurningar í umhverfismatsskýrslu Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035.

Notaður er eftirfarandi skali til að lýsa samræmi/ósamræmi og þar með áhrifum á viðkomandi umhverfispátt.

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

5 Skipulagsferli og kynningar

5.1 Samráð

Á kynningartíma skipulagslýsingar er óskað eftir ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum sem gætu komið að gagna í þeirri skipulagsvinnu. Samráð og kynningar fyrir almenning, íbúa og helstu umsagnaraðila verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Kynnt verður vinnslutillaga og eftir yfirferð Skipulagsstofnunar verður breytingartillaga fullgerð, auglýst og kynnt. Öll skipulagsgögn, þ.e. (1) lýsing skipulagsverkefnis, (2) tillaga á vinnslustigi og drög að umhverfisskýrslu og (3) tillaga að aðalskipulagsbreytingu og umhverfisskýrslu verða aðgengileg á heimasíðu

Reykjanesbæjar, <https://www.reykjanesbaer.is> og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, <https://skipulagsgatt.is/>.

Á svipuðum tíma og kynningar verða á aðalskipulagsbreytingu í Reykjanesbæ, eru kynningar á breytingu á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar vegna Reykjanesbrautar og umhverfismatsskýrslu Vegagerðarinnar vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar.

5.2 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum eftirtalinna aðila við lýsingu þessa, vinnslutillögu og breytingartillögu ásamt umhverfismatsskýrslu hennar:

- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Umhverfis- orkustofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- Suðurnesjabær
- Landhelgisgæsla Íslands
- Isavia
- Kadeco
- Míla
- Landsnet
- HS Veitur
- Náttúrufræðistofnun
- Land og skógur
- Veðurstofa Íslands
- Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja
- Samgöngustofa

6 Skipulagsferlið

Skipulagsferlið skiptist í megin verkþætti sem eru:

1. Skipulagslýsing: september
2. Vinnslutillaga (drög að skipulagsbreytingu): október-nóvember
3. Breytingartillaga til auglýsingar: desember
4. Aðalskipulagsbreyting staðfest af Skipulagsstofnun og gildistaka: feb/mars 2026